



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2018

Efni: Frumvarp, breyting á tollalögum (upprunatengdir ostar og móðurmjólk), 581. mál.

Tilv. 201805-0010

Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum (upprunatengdir ostar, móðurmjólk), 581. mál.

Bændasamtök Íslands fengu frumvarpsdrögin send með tölvubréfi frá nefndasviði alþingis 11. maí sl. og var frestur veittur til 23. maí. Bændasamtökin hafa farið yfir frumvarpið og gera eftirfarandi athugasemdir.

Engar athugasemdir eru gerðar við niðurfellingu tolla af móðurmjólk fyrir hvítvoðunga, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins þá leggjast samtökin alfarið gegn efni hennar.

Búvörusamningar voru undirritaðir 19. febrúar 2016. Þá var um leið ljóst að stjórnvöld höfðu undirritað tollasamning við ESB þann 17. september 2015. Bændur fengu búvörusamninga kynnta og greiddu í kjölfarið atkvæði um þá. 74,6% kúabænda samþykktu samning um starfsskilyrði nautgriparæktar. Jafnhliða lá tollasamningar fyrir. Með ákvæðum 1. gr. eru stjórnvöld einhliða og fordæmalaust að ganga lengra en ljóst var á þessum tíma, án þess að um það hafi verið samið og án þess að nokkuð komi í staðinn. Það er því eindregin afstaða Bændasamtakanna að þessi breyting gangi lengra en þær forsendur sem bændur höfðu við samþykkt á samningnum á sínum tíma.

Það er ljóst að Alþingi sjálf leit á afgreiðslu á tollasamningi sem hluta af afgreiðslu búvörusamninga. Hvorttveggja var afgreitt sama dag á Alþingi þann 13. september 2016, búvörusamningar með lögum nr. 102/2016 og tollasamningurinn með þingsályktun 59/145. Ef bændur hefðu haft vitneskju um að stjórnvöld hygðust afgreiða tollasamninginn með þeim hætti sem 1. gr. frumvarpsins kveður á um hefði það haft áhrif á afstöðu þeirra til búvörusamninganna og jafnvel orðið til þess að þeir hefðu ekki fengið samþykki.

Verði frumvarpið að lögum mun ákvæði 1. gr. koma í bakið á bændum og skaða traust um þau mikilvægu samskipti sem stefnumörkun í landbúnaði milli bænda og stjórnvalda hefur verið. Í þau skipti sem Alþingi hefur breytt búvörusamningum við afgreiðslu þeirra hefur það verði til



að tryggja hagfelldari niðurstöðu fyrir bændur og byggðir. Með þessari aðgerð er því þveröfugt farið. Grafið er undan þeim takmörkuðu og réttmætu leiðréttingum sem fólust að öðru leyti í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar.

Aðferðin sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins er einhliða og færir Íslandi ekki samhliða sambærilegar heimildir. Það eitt er einhliða áráð á íslenska mjólkurframleiðslu. Í nefndarálitum þáverandi meirihluta atvinnuveganefndar við 3. umræðu málsins (þskj. 1647, 680 mál, 145. löggjafarþing) kemur vissulega fram að nefndin hafi sammælt við ráðherra að hraða innleiðingu á ostum skv. ákvæðum 1. gr. en þar segir jafnframt: „Samhliða er því beint til ráðherra að aðgangsheimildum á innri markað Evrópusambandsins fyrir mjólkurafurðir verði einnig hraðað eins og mögulegt er enda byggjast slík ákvæði á gagnkvæmum aðgangsheimildum.“ Bændasamtök Íslands máttu því ætla að ráðuneyti landbúnaðarmála hefði frá samþykkt málsins í september 2016 leitast við að sækja sambærilegar ívilnanir fyrir íslenska mjólkurframleiðslu frá þeim tíma. En engin tilraun virðist hafa verið gerð til þess. Heldur er hér um að ræða einhliða áráð á afkomu bænda, á sama tíma og verulega hefur hallað á samkeppnisstöðu landbúnaðarins vegna hásgengis krónunnar. Þarna virðist fyrst og fremst ráða hagsmunagæsla fyrir heildsala - sem til dæmis birtist í því að samtök þeirra tilkynntu fyrst allra um að frumvarp þetta væri í vændum. Það segir meira en mörg orð.


Verði 1. gr. frumvarpsins eins og það liggur fyrir samþykkt skal vakin athygli á að með sérhæfingu og hagræðingu í vinnslu mjólkur á Íslandi getur þessi breyting haft í för með sér mjög og alvarleg tíðindi fyrir Búðardal og Egilsstaði. Þar eru þau mjólkurbú sem helst vinna sérosta - sem lenda þarna í nakinni samkeppni. Bændasamtök Íslands hljóta því að spyrja, í ljósi gildis og mikilvægis mjólkurvinnslu í Búðardal, hvaða björgunaráætlun er fyrir byggð í Dalabyggð - fari svo að þessi breyting kippi fótum undan eða veiki verulega rekstur á stærsta vinnustað í Búðardal.

Að lokum benda Bændasamtök Íslands á að tímabært er að sjónamið um heilbrigða viðskiptahætti og gagnsæ og heiðarleg viðskipti verði leiðarljós. Það er óþolandi að störfum verkamanna sé ógnað með einhliða tollaniðurfellingum - án þess að tryggt sé að aðbúnaður og kjör launafólks sem vinnur þær vörur hér á landi sé sambærilegur við þá sem þau eiga að keppa við. Þá eru það meiriháttar vonbrigði að við þessar breytingar séu ekki gerðar neinar tilraunir til að setja fram reglur um að framleiðsluhættir og aðstæður, lyfjanotkun og dýravelferð séu gerðar að grundvallarforsendu þess að varan hljóti þá gríðarlegu ívilnun sem hér er verið að gera, sem engar tryggingar eru fyrir að verði skilað til neytenda. Þáverandi meirihluti atvinnuveganefndar fjallaði um þessi mál og fleiri í álitum við 2. umræðu búvörusamninganna á sínum tíma (þskj. 1591, 680 mál, 145. löggjafarþing). Ástæða er til að hvetja nefndina til að rifja upp það sem þar kemur fram.



Bændasamtökin leggjast því alfarið gegn samþykkt 1. gr. frumvarpsins, án þess að samningaviðræður við mjólkurframleiðendur hafi tryggt að sá samningur sem þeir gerðu við ríkisvaldið á sínum hafi tekið mið að þessum íþyngjandi og óvæntu kröfum. Verði málið afgreitt hlýtur atvinnuveganefnd að sjá til þess að svo verði, þannig að niðurstaðan verði sambærileg eða betri fyrir íslenska mjólkurframleiðslu og gildandi samningur kveður á um.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

